Landsvirkjun

Samandreginn árshlutareikningur
1.1.-31.3.2026



# Efnisyfirlit

Lykilstærðir....................3
Helstu upplýsingar....................4
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra....................5
Rekstrarreikningur....................6
Yfirlit um heildarafkomu....................7
Efnahagsreikningur....................8
Eiginfjáryfirlit....................9
Sjóðstreymisyfirlit....................10
Skýringar....................11

HEIMSMARKMIÐIN
Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

JAFNLAUNAVOTTUN
2025 - 2028

Jafnlaunagreining
PwC
2025

# Lykilstærðir

## Rekstrartekjur




## Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði




## Handbært fé frá rekstri




## Nettó skuldir






# Helstu upplýsingar

## Framsetning stjórnenda á rekstri Landsvirkjunar

### Fjárhæðir í þúsundum USD

| | 2026<br>1.1.-31.3. | 2025<br>1.1.-31.3. | 2024<br>1.1.-31.3. | 2023<br>1.1.-31.3. | 2022<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstur** | | | | | |
| Rekstrartekjur | 169.681 | 162.710 | 142.354 | 162.032 | 174.884 |
| Innleystar áhættuvarnir | ( 4.213) | ( 285) | 1.370 | 13.391 | ( 27.836) |
| **Rekstrartekjur samtals** | 165.468 | 162.425 | 143.724 | 175.423 | 147.048 |
| Rekstrar- og viðhaldskostnaður | ( 48.886) | ( 44.977) | ( 38.550) | ( 37.452) | ( 40.562) |
| **Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA )** | 116.582 | 117.448 | 105.174 | 137.971 | 106.486 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | ( 25.301) | ( 24.730) | ( 25.006) | ( 26.579) | ( 26.470) |
| **Rekstrarhagnaður (EBIT)** | 91.281 | 92.718 | 80.168 | 111.392 | 80.016 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | ( 3.863) | ( 2.022) | ( 3.164) | ( 2.944) | ( 7.960) |
| Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga | 332 | 411 | 357 | 227 | 5.230 |
| **Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði** | 87.750 | 91.107 | 77.361 | 108.675 | 77.286 |
| **Óinnleystir fjármagnsliðir:** | | | | | |
| Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða | ( 17.635) | 9.480 | ( 22.668) | 14.953 | 162.243 |
| Gangvirðisbreytingar annarra afleiða | ( 7.987) | ( 390) | ( 807) | 34.723 | ( 62.119) |
| Óinnleystur gjaldeyrismunur | ( 756) | ( 4.981) | 2.462 | ( 9.253) | 788 |
| | ( 26.378) | 4.109 | ( 21.013) | 40.423 | 100.912 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | 61.372 | 95.216 | 56.348 | 149.098 | 178.198 |
| Tekjuskattur | ( 22.764) | ( 37.073) | ( 21.802) | ( 57.510) | ( 65.670) |
| **Hagnaður tímabilsins** | 38.608 | 58.143 | 34.546 | 91.588 | 112.528 |
| **Efnahagur** | **31.3.2026** | **31.3.2025** | **31.3.2024** | **31.3.2023** | **31.3.2022** |
| Eignir samtals | 3.616.756 | 3.527.256 | 3.641.298 | 3.815.436 | 3.916.953 |
| Eigið fé samtals | 2.349.126 | 2.361.807 | 2.397.952 | 2.388.164 | 2.326.721 |
| Skuldir samtals | 1.267.630 | 1.165.449 | 1.243.346 | 1.427.272 | 1.590.232 |
| Nettó skuldir * | 658.576 | 590.533 | 601.873 | 711.336 | 974.454 |
| **Sjóðstreymi** | **1.1.-31.3.** | **1.1.-31.3.** | **1.1.-31.3.** | **1.1.-31.3.** | **1.1.-31.3.** |
| Veltufé frá rekstri (FFO) | 112.227 | 112.300 | 102.265 | 132.218 | 97.241 |
| Handbært fé frá rekstri | 85.549 | 104.138 | 101.316 | 144.419 | 101.050 |
| Fjárfestingar | ( 69.684) | ( 23.736) | ( 8.122) | ( 6.579) | 11.143 |
| Fjármögnun | ( 12.926) | ( 72.862) | ( 12.834) | ( 177.454) | ( 76.837) |
| **Lausafé** | **31.3.2026** | **31.3.2025** | **31.3.2024** | **31.3.2023** | **31.3.2022** |
| Handbært fé | 58.112 | 88.911 | 164.884 | 113.578 | 102.168 |
| Óádregin lán | 125.000 | 125.000 | 125.000 | 150.000 | 150.000 |
| Lausafé alls | 183.112 | 213.911 | 289.884 | 263.578 | 252.168 |
| **Kennitölur** | | | | | |
| Arðsemi eiginfjár ** | 7,9% | 7,7% | 6,4% | 6,0% | 10,4% |
| Eiginfjárhlutfall | 65,0% | 67,0% | 65,9% | 62,6% | 59,4% |
| Vaxtaþekja (EBITDA/ nettó vaxtagjöld) ** | 41,95x | 40,95x | 43,10x | 18,00x | 8,92x |
| Veltufé frá rekstri / nettó skuldir ** | 57,9% | 68,9% | 74,7% | 64,3% | 32,9% |
| Veltufé frá rekstri / vaxtagjöld ** | 16,90x | 14,10x | 13,64x | 12,70x | 7,70x |
| Nettó skuldir / EBITDA ** | 1,65x | 1,40x | 1,30x | 1,46x | 2,68x |
| **Lánshæfiseinkunn án ríkisábyrgðar í lok mars** | | | | | |
| Standard & Poor's | A- | A- | A- | BBB+ | BBB+ |

* Nettó skuldir eru vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé

** Kennitölur miðast við síðustu 12 mánuði

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Tilgangur Landsvirkjunar er að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Árshlutareikningur fyrirtækisins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2026 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal *IAS 34* um árshlutareikninga og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga og hefur að geyma árshlutareikning félagsins þar sem færð er hlutdeild í afkomu dótturfélaganna Icelandic Power Insurance Ltd. og Landsvirkjunar Power ehf. og hlutdeildarfélaga. Ekki er gerður samstæðuárshlutareikningur. Árshlutareikningur þessi hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum fyrirtækisins.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri félagsins á tímabilinu janúar til mars 2026 38,6 milljónum USD, en hagnaður félagsins á sama tímabili árið 2025 var 58,1 milljón USD. Lækkun á milli tímabila nemur 19,5 milljónum USD. Gangvirðisbreytingar afleiðusamninga voru neikvæðar um 25,6 milljónir USD á tímabilinu janúar til mars 2026 en voru jákvæðar um 9,1 milljón USD á sama tímabili árið áður. Tekjur félagsins námu 165,5 milljónum USD á tímabilinu en voru 162,4 milljónir USD á sama tímabili árið áður. Handbært fé frá rekstri var 85,5 milljónir USD á tímabilinu en var 104,1 milljón USD á sama tímabili árið áður. Í lok mars 2026 nam handbært fé samtals 58,1 milljón USD og óádregin lán 125,0 milljónum USD eða alls 183,1 milljón USD. Eigið fé í lok mars var 2.349,1 milljón USD samkvæmt efnahagsreikningi en 2.311,1 milljón USD í árslok 2025. Á aðalfundi 21. apríl sl. var samþykkt að eigendum Landsvirkjunar yrði greiddur arður að fjárhæð 165,0 milljónir USD vegna ársins 2025.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, *IAS 34* , eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 31. mars 2026, rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á tímabilinu janúar til mars 2026.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar fyrir tímabilið janúar til mars 2026 gefi glöggt yfirlit um árangur af rekstri félagsins, stöðu þess og þróun og lýsi helstu áhættuþáttum sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri hafa í dag farið yfir árshlutareikning fyrirtækisins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2026 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 2. júní 2026.

Í stjórn félagsins:

Brynja Baldursdóttir
Berglind Ásgeirsdóttir
Hörður Þórhallsson
Sigurður Magnús Garðarsson
Þórdís Ingadóttir

Forstjóri:

Hörður Arnarson

# Rekstrarreikningur

| | Skýr. | 2026<br>1.1.-31.3. | 2025<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Raforkusala | 6 | 156.160 | 141.780 |
| Innleystar áhættuvarnir | | ( 4.213) | ( 285) |
| Aðrar tekjur | | 13.521 | 20.930 |
| | | 165.468 | 162.425 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Orkuvinnsla | | 55.745 | 54.493 |
| Almennar rannsóknir | | 3.607 | 3.174 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 14.835 | 12.040 |
| | | 74.187 | 69.707 |
| **Rekstrarhagnaður** | | 91.281 | 92.718 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur | | 2.650 | 4.272 |
| Vaxtagjöld | | ( 5.186) | ( 6.486) |
| Gjaldeyrismunur | | ( 2.083) | ( 4.789) |
| Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða | | ( 17.635) | 9.480 |
| Gangvirðisbreytingar annarra afleiðusamninga | | ( 7.987) | ( 390) |
| | 7 | ( 30.241) | 2.087 |
| Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga | | 332 | 411 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 61.372 | 95.216 |
| Tekjuskattur | | ( 22.764) | ( 37.073) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | 38.608 | 58.143 |

Skýringar nr. 1 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Yfirlit um heildarafkomu

| | 2026<br>1.1.-31.3. | 2025<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| **Hagnaður tímabilsins** ........................................................................ | 38.608 | 58.143 |
| **Liðir færðir beint á eigið fé sem munu ekki vera færðir síðar í rekstrarreikning:** | | |
| Lífeyrisskuldbinding að frádregnum tekjuskatti, breyting ............ | ( 446) | ( 496) |
| **Liðir færðir beint á eigið fé sem gætu verið færðir síðar í rekstrarreikning:** | | |
| Sjóðstreymisvörn, virkur hluti að frádregnum tekjuskatti ............ | ( 107) | 0 |
| Þýðingarmunur vegna dóttur- og hlutdeildarfélaga ...................... | 7 | 349 |
| Rekstrarliðir færðir á eigið fé samtals | ( 546) | ( 147) |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** ........................................................ | 38.062 | 57.996 |

Skýringar nr. 1 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Efnahagsreikningur

| Eignir | Skýr. | 31.3.2026 | 31.12.2025 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 2.766.524 | 2.783.274 |
| Rekstrarfjármunir í byggingu | | 129.637 | 95.216 |
| Undirbúningskostnaður | | 184.971 | 179.895 |
| Aðrar óefnislegar eignir | | 49.901 | 50.183 |
| Afleiðusamningar | 8 | 59.280 | 85.071 |
| Dótturfélög | | 5.322 | 5.161 |
| Hlutdeildarfélög | | 6.111 | 5.933 |
| Lán til tengdra aðila | | 42.425 | 42.415 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | | 815 | 787 |
| Fastafjármunir samtals | | 3.244.986 | 3.247.935 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 102.348 | 88.410 |
| Kröfur á tengda aðila | | 157.759 | 158.405 |
| Afleiðusamningar | 8 | 53.551 | 32.966 |
| Handbært fé | | 58.112 | 56.105 |
| Veltufjármunir samtals | | 371.770 | 335.886 |
| **Eignir samtals** | | 3.616.756 | 3.583.821 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Eigendaframlög | | 586.512 | 586.512 |
| Bundin hlutdeild | | 4.069 | 3.693 |
| Þýðingarmunur | | ( 15.873) | ( 15.880) |
| Sjóðstreymisvörn | | ( 107) | 0 |
| Annað eigið fé | | 1.774.525 | 1.736.739 |
| Eigið fé samtals | | 2.349.126 | 2.311.064 |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 9 | 516.597 | 528.897 |
| Lífeyrisskuldbindingar | | 46.281 | 46.167 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 300.388 | 301.804 |
| Leiguskuldbinding | | 11.253 | 11.562 |
| Niðurrifsskuldbinding | | 595 | 525 |
| Afleiðusamningar | 8 | 5.283 | 5.803 |
| | | 880.397 | 894.758 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 11 | 132.556 | 81.493 |
| Vaxtaberandi skuldir | 9 | 200.091 | 203.977 |
| Tekjuskattur til greiðslu | | 23.847 | 83.583 |
| Skuld við tengd félög | | 85 | 17 |
| Afleiðusamningar | 8 | 30.654 | 8.929 |
| | | 387.233 | 377.999 |
| Skuldir samtals | | 1.267.630 | 1.272.757 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 3.616.756 | 3.583.821 |

Skýringar nr. 1 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Eiginfjáryfirlit

| | Eigenda-framlög | Bundin hlutdeild | Þýðingar-munur | Sjóðstreymis-vörn | Annað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar til 31. mars 2026** | | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2026 | 586.512 | 3.693 | (15.880) | 0 | 1.736.739 | 2.311.064 |
| Hagnaður tímabilsins | | | | | 38.608 | 38.608 |
| Þýðingarmunur | | | 7 | | | 7 |
| Lífeyrisskuldbinding, br. | | | | | (446) | (446) |
| Sjóðstreymisvörn | | | | (107) | | (107) |
| Heildarhagnaður | | 0 | 7 | (107) | 38.162 | 38.062 |
| Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutd.félaga millif. | | 376 | | | (376) | 0 |
| Eigið fé 31. mars 2026 | 586.512 | 4.069 | (15.873) | (107) | 1.774.525 | 2.349.126 |
| **1. janúar til 31. mars 2025** | | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2025 | 586.512 | 3.172 | (16.652) | 0 | 1.730.779 | 2.303.811 |
| Hagnaður tímabilsins | | | | | 58.143 | 58.143 |
| Þýðingamunur | | | 349 | | | 349 |
| Lífeyrisskuldbinding, br. | | | | | (496) | (496) |
| Sjóðstreymisvörn | | | | 0 | | 0 |
| Heildarhagnaður | | 0 | 349 | 0 | 57.647 | 57.996 |
| Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutd.félaga millif. | | 183 | | | (183) | 0 |
| Eigið fé 31. mars 2025 | 586.512 | 3.355 | (16.303) | 0 | 1.788.243 | 2.361.807 |

Skýringar nr. 1 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Sjóðstreymisyfirlit

| | 2026<br>1.1.-31.3. | 2025<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Rekstrarhagnaður | 91.281 | 92.718 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | 25.301 | 24.730 |
| Lífeyrisskuldbinding, breyting | ( 714) | ( 577) |
| Aðrar breytingar | ( 95) | 68 |
| Veltufé frá rekstri án fjármagnsliða | 115.773 | 116.939 |
| Rekstrartengdar eignir og skuldir, breyting | ( 9.670) | 14.355 |
| Handbært fé frá rekstri án fjármagnsliða | 106.103 | 131.294 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | 647 | 1.827 |
| Greidd vaxtagjöld og gjaldeyrismunur | ( 5.203) | ( 9.195) |
| Greiddir skattar | ( 15.998) | ( 19.788) |
| Handbært fé frá rekstri | 85.549 | 104.138 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | |
| Aflstöðvar í rekstri | ( 5.789) | ( 3.798) |
| Aflstöðvar í byggingu | ( 45.366) | ( 3.849) |
| Virkjunarundirbúningur | ( 17.365) | ( 5.670) |
| Keypt hlutabréf | ( 26) | 0 |
| Innborgaður arður | 0 | 34 |
| Aðrar fjárfestingar | ( 1.309) | ( 10.458) |
| Seldar eignir | 171 | 5 |
| Fjárfestingarhreyfingar | ( 69.684) | ( 23.736) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Afborganir lána til langs tíma | ( 12.926) | ( 72.862) |
| Fjármögnunarhreyfingar | ( 12.926) | ( 72.862) |
| **Breyting á handbæru fé** | 2.939 | 7.540 |
| **Áhrif gengisbreytinga á handbært fé** | ( 932) | 2.590 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | 56.105 | 78.781 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | 58.112 | 88.911 |

Skýringar nr. 1 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Skýringar

## Almennar upplýsingar

### 1. Landsvirkjun

Landsvirkjun er sameignarfyrirtæki sem er með starfsstöðvar sínar á Íslandi og eru höfuðstöðvar þess að Katrínartúni 2, Reykjavík. Landsvirkjun starfar á grundvelli laga nr. 42/1983 um fyrirtækið. Megintilgangur fyrirtækisins er að stunda starfsemi á orkusviði. Árshlutareikningurinn hefur að geyma árshlutareikning félagsins og hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga.

### 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34 eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samandreginn árshlutareikningur Landsvirkjunar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2025.

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2025 fyrir utan það að félagið hefur innleitt nýja alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu í upphafi tímabils 1. janúar 2026, breytingar á þeim og nýjar túlkanir. Félagið hefur ekki innleitt nýja eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi. Hægt er að nálgast ársreikninginn fyrir árið 2025 á vef Landsvirkjunar www.landsvirkjun.is og á vef NASDAQ OMX Iceland; www.nasdaqomxnordic.com.

Árshlutareikningurinn er gerður í Bandaríkjadölum, sem er starfrækslumynt félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum Bandaríkjadala nema annað sé tekið fram.

### 4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

### 5. Starfsþáttayfirlit

Öll starfsemi félagsins fellur undir einn starfsþátt, en tilgangur Landsvirkjunar samkvæmt lögum er að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Orkuvinnsla Landsvirkjunar byggist á vatnsafli, jarðhita og vindi. Landsvirkjun selur alla raforku sína á Íslandi, annars vegar í heildsölu til raforkusmásala og hins vegar beint til stórnotenda.

### 6. Rekstrartekjur

| Raforkusala greinist þannig: | **2026**<br>1.1.-31.3. | **2025**<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| Heildsala | 34.376 | 40.675 |
| Iðnaður | 121.784 | 101.105 |
| Raforkusala samtals | 156.160 | 141.780 |

# Skýringar, frh.:

## 7. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | 2026<br>1.1.-31.3. | 2025<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 2.650 | 4.272 |
| Vaxtagjöld | ( 6.520) | ( 6.640) |
| Ábyrgðargjald | ( 145) | ( 138) |
| Áhrif núvirðingar niðurrifsskuldbindingar | ( 4) | 0 |
| Eignfærðir vextir | 1.483 | 292 |
| Vaxtagjöld samtals | ( 5.186) | ( 6.486) |
| Innleystur gjaldeyrismunur | ( 1.327) | 192 |
| Óinnleystur gjaldeyrismunur | ( 756) | ( 4.981) |
| Gjaldeyrismunur samtals | ( 2.083) | ( 4.789) |
| Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða | ( 17.635) | 9.480 |
| Gangvirðisbreyting annarra afleiðusamninga | ( 7.987) | ( 390) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | ( 30.241) | 2.087 |

## 8. Afleiðusamningar í efnahagsreikningi

Afleiðusamningar í efnahagsreikningi sundurliðast þannig:

| | 31.3.2026 | 31.12.2025 |
|---|---|---|
| **Eignir:** | | |
| Innbyggðir afleiðusamningar í raforkusamningum | 95.112 | 112.746 |
| Álvarnir | 14.650 | 1.141 |
| Gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningar | 3.069 | 4.150 |
| | 112.831 | 118.037 |
| Skipting afleiðusamninga er eftirfarandi: | | |
| Langtímahluti afleiðusamninga | 59.280 | 85.071 |
| Skammtímahluti afleiðusamninga | 53.551 | 32.966 |
| | 112.831 | 118.037 |
| **Skuldir:** | | |
| Álvarnir | 35.765 | 14.732 |
| Sjóðstreymisvörn | 172 | 0 |
| | 35.937 | 14.732 |
| Skipting afleiðusamninga er eftirfarandi: | | |
| Langtímahluti afleiðusamninga | 5.283 | 5.803 |
| Skammtímahluti afleiðusamninga | 30.654 | 8.929 |
| | 35.937 | 14.732 |

Á tímabilinu beitti félagið áhættuvarnarreikningsskilum.

## 9. Skuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

| | | 31.3.2026 | | 31.12.2025 | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Loka-gjalddagi | Meðal-vextir | Eftir-stöðvar | Meðal-vextir | Eftir-stöðvar |
| Skuldir í EUR | 2026 | 2,1% | 172.467 | 2,2% | 176.348 |
| Skuldir í USD | 2026-2035 | 4,0% | 544.221 | 4,0% | 556.526 |
| | | | 716.688 | | 732.874 |
| Afborganir næsta árs | | | ( 200.091) | | ( 203.977) |
| Skuldir til langs tíma samtals | | | 516.597 | | 528.897 |

## 9. Skuldir, frh.:

Vaxtakjör af lánum voru á bilinu 2,1-5,4%. Að jafnaði voru nafnvextir á tímabilinu um 3,5%, að teknu tilliti til ríkisábyrgðargjalds (2025: 3,5%).

Samkvæmt lánasamningum eru afborganir langtímaskulda eftirfarandi:

| | **31.3.2026** |
|---|---|
| 1.4.2026-31.3.2027 | 200.091 |
| 1.4.2027-31.12.2027 | 15.225 |
| 2028 | 131.764 |
| 2029 | 69.384 |
| 2030 | 119.384 |
| 2031 | 69.384 |
| Síðar | 111.456 |
| | 716.688 |

## 10. Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði lána til tengdra aðila og langtímaskulda

| | **31.3.2026** | | **31.12.2025** | |
|---|---|---|---|---|
| | **Bókfært verð** | **Gangvirði** | **Bókfært verð** | **Gangvirði** |
| Vaxtaberandi lán til Ríkissjóðs | 194.435 | 197.869 | 197.025 | 199.386 |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | ( 716.688) | ( 731.893) | ( 732.874) | ( 750.273) |

Gangvirði annarra fjáreigna og fjárskulda er metið jafnt bókfærðu verði þeirra.

Við útreikning á gangvirði vaxtaberandi lána til tengdra aðila og langtímaskulda er notað vaxtaróf undirliggjandi mynta við núvirðingu á væntu sjóðstreymi.

## 11. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig: | **31.3.2026** | **31.12.2025** |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 27.161 | 51.926 |
| Áfallnir vextir | 6.711 | 5.725 |
| Virðisaukaskattur | 19.261 | 10.006 |
| Ógreiddur tekjuskattur vegna fyrra árs | 60.311 | 0 |
| Leiguskuldbinding, næsta árs afborgun | 2.239 | 2.127 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 16.873 | 11.709 |
| | 132.556 | 81.493 |

## 12. Flokkun gangvirðis

Taflan sýnir stigskiptingu þeirra liða árshlutareiknings sem færðir eru á gangvirði.

| | Stig 2 | Stig 3 | Samtals |
|---|---|---|---|
| **31.3.2026** | | | |
| Innbyggðar afleiður | | 95.112 | 95.112 |
| Aðrar afleiður | ( 18.217) | | ( 18.217) |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | | 815 | 815 |
| | ( 18.217) | 95.927 | 77.710 |
| | | | |
| **31.12.2025** | | | |
| Innbyggðar afleiður | | 112.746 | 112.746 |
| Aðrar afleiður | ( 9.442) | | ( 9.442) |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | | 787 | 787 |
| | ( 9.442) | 113.533 | 104.091 |

## 13. Önnur mál

Á aðalfundi hinn 21. apríl sl. var samþykkt að eigendum Landsvirkjunar yrði greiddur arður að fjárhæð 165 milljónir USD vegna ársins 2025.

Samkeppniseftirlitið tilkynnti Landsvirkjun með bréfi dagsettu 9. febrúar 2024 að það hefði ákveðið að hefja rannsókn á því hvort að ákvæði í samningum við stórnotendur sem kveða á um að óheimilt sé að endurselja raforku samkvæmt langtímaraforkusamningum, nema með samþykki Landsvirkjunar, brjóti í bága við ákvæði samkeppnislaga eða ákvæði EES samningsins.

Í kjölfar kvörtunar hefur Samkeppniseftirlitið frá árinu 2020 haft til skoðunar og rannsóknar hvort að þátttaka Landsvirkjunar í tapaútboðum Landsnets hf. á tímabilinu 2017-2021 hafi falið í sér brot á samkeppnislögum. Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu þann 18. ágúst 2025 að Landsvirkjun hafi selt Landsneti rafmagn á of lágu verði og sektaði félagið um 1,4 milljarða króna. Landsvirkjun hefur kært ákvörðun Samkeppniseftirlits til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

ESA, Eftirlitsstofnun EFTA tilkynnti þann 30. apríl 2025 ákvörðun um að opna rannsókn á því hvort Landsvirkjun hafi brotið gegn samkeppnisreglum EES með því að neita að afhenda raforku til fyrirtækja sem leituðust eftir því að framleiða vetni og/eða rafeldsneyti. Eingöngu er um að ræða ákvörðun um að opna rannsókn og felur ekki í sér að ESA hafi komist að niðurstöðu um brot né vísbendingu um endanlega niðurstöðu rannsóknar.

PCC BakkiSilicon hf. hefur hætt rekstri og óvissa er um framtíð verksmiðjunnar. Samningaviðræður standa yfir á milli félaganna og er móðurfélagsábyrgð til staðar.

Bilun varð í rafbúnaði í álveri Norðuráls við Grundartanga í október 2025. Hún leiddi til þess að framleiðsla álversins dróst saman um tvo þriðju. Landsvirkjun sér Norðuráli fyrir um þriðjungi þeirrar raforku sem álverið notar. Samningar fyrirtækjanna kveða á um kaupskyldu Norðuráls. Ágreiningur er hinsvegar uppi um hvort að kaupskyldan eigi við í þessu tilviki, sem skorið er úr samkvæmt ákvæðum í raforkusamningum um úrlausn ágreiningsefna. Tryggingar Landsvirkjunar innifela rekstrar-stöðvunartryggingu sem ætlað er að bæta tjón Landsvirkjunar að mestu.